

Діміч



Way of Life!



Jimny og enginn annar

Ljósmyndaferðalagið hófst með skoðun á landslaginu. Næstu vikurnar voru óbyggðirnar heimili mitt. Með í för voru myndavélarnar og Jimny.

Comrade Film sá um allar Jimny mynda-og myndbandstökur. á Íslandi, allar tökurl voru teknar upp á slóðum með tilskyldum leyfum





Dagur 1

Hæðirnar voru brattar og stórgrýttar en þær voru Jimny enginn farartálmi. Þegar dimmdi yfir ákvað ég að hvílast og hugsa út í þessa löngu ferð framundan.





Dagur 5

Það rigndi látlaust en gegnsósa jarðvegurinn tafði mig ekki.
Það var ekkert sem stöðvaði Jimny og ferðin hélt áfram.



Tilbúinn að takast á við óbyggðirnar

Jimny er smíðaður með það fyrir augum að þola veður, vind og ójöfnur. Hann kemst um svæði sem aðrir hætta sér ekki. Taktu áskorunum náttúrunnar.

Nærðu í þér ævintýraþrána og kannaðu umheiminn.



Sérhannaðir stuðarar

Það er allt til reiðu til ævintýraferðarinnar. Skáhalli er á stuðaraendum sem eykur veggð að framan þegar klifið er yfir fyrirstöður. Formmótaðir, svartir stuðarnir verja yfirbygginguna fyrir grjótkasti og rispum.

LED framljós með þvottasprautum (GLX)

Jimny státar af stoltum uppruna sem birtist í einkennandi, kringlóttum framljósum. Þvottasprautur eru staðalbúnaður með LED ljósum sem stuðla að öruggum akstri í mold, eðju eða snjó.



Þægileg vatnshlíf

Vertu á Jimny í ævintýraferðum í hvaða veðri sem er. Vatnshlífin kemur í veg fyrir að vatn leki niður af þaki bílsins og bleyti höfuð þitt þegar sest er inn í bílinn eða farið út úr honum.

Útlínur vélarhlífarinnar

Vertu með umhverfið á hreinu. Vélarhlífin er flöt og köntuð og gaumgæfilega hönnuð með það að leiðarljósi að ökumaður hafi ytri horn hennar alltaf í sjónmáli og geri sér þannig betur grein fyrir afstöðu bílsins til umhverfisins þegar ekið er um torfarna slóða.





INNANRÝMI

Athygli á það sem skiptir máli

Það er fátt sem truflar aksturinn í Jimny. Glæsilegt, svart innanrýmið kallar ekki á athygli en er engu að síður laglegt. Stjórnrofar eru hannaðir til að vera einfaldir í notkun jafnvel með hanska á höndum.

Hönnun sem kemur að gagni

Það er fegurð í einfaldleika hönnunarinnar sem einkennist af skýrum og skynsamlegum lausnum. Litanotkun er í lágmarki. Hvert smáatriði er úthugað og hannað af nákvæmni til að styðja við alvöru torfæruakstur.

Upplýstur öikumælaklasi

Mælarnir eru alltaf með lýsingu, jafnt í sólskinu og tunglskinu, á vegum og vegleysum, og eru skýrir aflestrar. Hönnun með notagildi að leiðarljósi yfir enn frekar undir fegurðina í einfaldleikanum í hönnun innanrýmisins.

Stýrisbúnaður

Átaksþolið kúlustýrikerfi sér til þess að billinn er jarðtengdur. Það tryggir nægjanlega svörun en lágmarkar um leið endurkast frá stýri. Leðurklætt stýrið* veitir lúxustilfinningu og hægt er að færa það upp um allt að 35 mm. *GLX útfærsla

Infrarauður snertiskjár

Stjórnun á hljómkerti og leiðsögukerfi með einföldum fingrasnertingum á 7 tommu infrarauðum skjá* jafnvel með hanska á hendi. Snjallsímatengingin virkar með Apple CarPlay, Android Auto™ og Mirrorlink™ sem opnar fyrir notkun á margvíslegum forritum í snjallsímanum.

*GLX útfærsla



Apple CarPlay



Android Auto



MirrorLink

Apple CarPlay er fáanlegt í þeim löndum sem talin eru upp á eftirfarandi hlekk: <http://www.apple.com/ios/feature-availability/#applecarplay-applecarplay>
*Nánari upplýsingar, þar á meðal um iPhone gerðir sem eru samhæfðar Apple CarPlay, eru að finna hér: <http://www.apple.com/ios/carplay/>
*Apple, Apple CarPlay og iPhone eru vörumerki Apple Inc., skráð í Bandaríkjunum og öðrum löndum.
*Android Auto er fáanlegt í þeim löndum sem talin eru upp á eftirfarandi hlekk: <https://www.android.com/auto/#hit-the-road>
*Forsenda er Android Auto app á Google Play og Android samhæfðir snjallsímar með Android™ 5.0 Lollipop eða nýrri: <https://support.google.com/androidauto/#6140477>
*Android og Android Auto eru vörumerki Google LLC.
*MirrorLink™ er samhæft snjallsímum sem er að finna á eftirfarandi hlekk: <https://cert.mirrorlink.com/ProductListing/>
*MirrorLink™ er skráð vörumerki Car Connectivity Consortium LLC.





HAGKVÆMNI
OG RÝMI

Bíllinn hlaðinn fyrir ævintýraferðina

Jimny býr yfir ríkulegu rými og hagnýtu geymsluplássi sem nýtist hvort sem leiðin liggur um borgina eða fáfarna slóða í óbyggðum.



Notadrjúgt farangursrými

Vertu vel búinn og reiðubúinn undir allt. Með því að fella niður aftursætisbökina er hægt að stækka skynsamlega hannað farangursrýmið. Gólfíð og aftanverð sætisbökina eru klædd plastefni* sem auðveldar öll þrif. Með aftursætin felld flöt niður má koma breiðum hlutum fyrir í stóru farangursrýminu. Þar er að finna skrúfugöt fyrir viðbótarbúnað eins og farangursgrindur og festikróa sem auka fjölbærni og notagildi farangursrýmisins. Þar er einnig rafúrtak sem býður upp á tengingu fyrir tæki og töl við aftanverðan bílinn.



*GL og GLX útfærslur (farangursbox einungis fáanlegt í GLX útfærslu)



Þægilegar hirslur við framsæti

Allt er innan seilingar. Nytsamlegir vasar og bakkar undir snjallsímann, drykki og aðra smáhluti þar sem auðvelt er að nálgast þá. Stutt er í USB og aðrar innstungur til að tengja og hlaða smátækin. Stórt handfang sem auðvelt er að grípa í veitir farþega í framsæti góðan stuðning þegar sest er inn í bílinn eða stigið út úr honum.

Athugið: Smáhlutirnir á myndunum eru einungis til útskýringa. Ganga á tryggilega frá öllum hlutum áður en ekið er af stað.



Treystu á sterkbyggðan áreiðanleika

Það er fernt sem skilgreinir Jimny sem ekta jeppa, þ.e. sterkbyggð stigagrind, næg veghæð, 3ja liða stífur á heilli hásingu með gormafjöðrun og fjórhjóladrif með lágu drifi.



Stíf heil grind


Alveg frá fyrstu gerð hefur Jimny verið byggður á heilli grind sem er undirstaðan að raunverulegri akstursgetu í torfærum.

3ja liða stífur á heilli hásingu með gormafjöðrun

Heilar hásingar í fullri breidd eru að framan og aftan. Þær tryggja Jimny yfirburða grip á innbyrðis ólíku yfirborði. Þegar fyrirstaða lyftir einu hjóli þrýstir öxullinn hinu hjólinu á sama öxli niður sem eykur gripð í akstri á grófum vegslóðum.




Frágangshorn




49°

Miðhorn




28°

Aðgangshorn



37°

Veghæð



210mm

Nægt fyrirstöðurými og veghæð

Á Jimny er hægt að fara alla leið til að kanna nýjar slóðir. Með miklu frágangs-, aðgangs- og miðhorni ásamt mikilli veghæð klífur hann bratta, læðist niður mikinn halla og yfir fyrirstöður án þess að stuðrar eða undirvagn verði fyrir hnjaski.



Fjór hjóladrif með lágu drifi

Jimny lagar sig að öllum aðstæðum þegar á þarf að halda. Þegar færið er þungt er gott að geta skipt í lága drifið, 4L, sem hámarkar snúningsvægið og drifgetuna. Á sléttum torfæruslóðum og snjóþöktum vegum er skipt yfir í 4H þar sem kostir fjór hjóladrifsins nýtast í hraðari akstri. Þegar leiðin liggur aftur um bundið slitlag er skipt yfir í 2H (afturhjóladrif) sem býður upp á þýðari, hljóðlátari og sparneytnari akstur. ALLGRIP PRO drifstýringarkerfið fylgir þér í ferðum á ævintýraslóðir með fullkominni stýringu á aksturseiginleikum jafnt á vegum sem vegleysum.

ALLGRIP
PRO




AFKÖST

Afköst í takt við metnað

Það eru engar fyrirstöður á ferð í Jimny. Hann nær á áfangastað með óviðjafnanlegri lipurð, nákvæmni í meðhöndlun og afkastagetu þegar á þarf að halda.

Ný 1.5 l vél

Upplifð aflið í Jimny. Sterkbyggð 1,5 l vélín býr yfir aflmiklu tugi á breiðu snúningssviði sem skilar sér í mikilli afkastagetu í akstri í vegleysum. Lítil og léttbyggð og um leið einstaklega sparneytin.




Brekkustýring

Þegar ekið er af stað í bröttum brekkum stefnir bíllinn upp á við og áfram. Búnaðurinn kemur í veg fyrir að bíllinn renni aftur á bak, jafnvel í bugðóttum brekkum með mismunandi hæð vinstra og hægri megin við bílinn. Ökumaður getur því einbeitt sér alfarið að inngjöfni.

Niðrakstursstýring

Þegar þrýst er á rofa, sér kerfið á sjálfvirkum hátt um að beita hemlum og viðhalda föstum hraða í akstri niður varasamar brekkur. Ökumaður getur því einbeitt sér að því að stýra bílnum og þarf hvorki að stíga á hemla né kúplingu.



LSD veggripsstýring

Af öryggi á hálu vegyfirborði. Þegar tvö hjól skáhallt á móti hvort öðru missa grip þegar ekið er um hált vegyfirborð grípur kerfið með sjálfvirkum hætti inn í atburðarásina. Það hemlar niður hjólin sem spóla og beinir áttakinn til hinna tveggja hjóla sem gerir Jimny kleift að halda för sinni áfram.




Öryggisráðstafanir fyrir ökumann og aðra

Öryggi er forgangsatriði hvort sem ekið er um villt viðernin eða í borginni. Akstrinum fylgir ávallt fullkomin hugarró, þökk sé framförum í öryggistækni sem Suzuki Safety Support býr yfir.


DSBS

Á ferð styðst Jimny við tvenns konar skynjara, annars vegar myndavél og hins vegar ratsjá, til að greina hvort líkur séu á ákeyrslu á bíl sem á undan fer eða gangandi vegfarendur. Þegar búnaðurinn greinir yfirvofandi hættu á ákeyrslu grípur hann til þriggja eftirfarandi aðgerða sem ráðast af aðstæðum hverju sinni.

1 Aðvarar ökumann með hljóð- og myndmerki.



2 Virkjar hemlavarann sem eykur hemlunarátakið ef líkur á ákeyrslu eru miklar og ef ökumaður neyðarhemlar.



3 Beitir afítmikilli, sjálfvirkri hemlun ef hætta á ákeyrslu eykst enn frekar.




Hágeislavari


Njóttu öruggari, afslappaðri og tillitssamari næturalaksturs með hágeislavaranum sem skiptir með sjálfvirkum hætti á milli háu- og lágu ljósanna eftir birtuáðstæðum og nálægð annarra ökutækja*.

*Þegar ekið er á 40 km hraða á klist eða hraðar með framljósin í sjálfvirkri stillingu.

Þegar búnaðurinn greinir ljós frá bíl fyrir framan eða sem kemur úr gagnstæðri átt.



Þegar enginn bíll fer á undan eða kemur úr gagnstæðri átt.



Svigakstursvari

Að afloknum löngum vinnudegi er gott að hafa stuðning. Búnaðurinn skynjar þegar ökumaður ekur bílnum á svig vegna þreytu eða syfju. Hann aðvarar ökumann við svigakstri með hljóð- og myndmerki.

*Þegar ekið er á um það bil 60 km hraða á klist eða hraðar.

Akreinavari

Jimny beinir þér inn á rétta akrein. Akreinavariinn framkallar titring í stýri og varpar fram aðvörunarmynd ef ökumaður vikur óviljandi út af sinni akrein á miklum hraða*.

*Þegar ekið er á um það bil 60 km hraða á klist eða hraðar.

Umferðarmerkjavari

Vertu afslappaður og upplýstur.

Búnaðurinn greinir umferðarmerki eins og hámarks hraða og akstursbann og varpar þeim upp á skjáinn í mælaklasanum til að auðvelda ökumanni að muna eftir þeim umferðarmerkjum sem hafa orðið á vegi hans.



AUKAHLUTIR

Láttu bera á þér

Gerðu Jimny persónulegri með aukahlutum Suzuki. Þú finnur örugglega eitthvað við þitt hæfi hvort sem áherslan er mest á útlit bílsins, viðbótaröryggi eða notagildi.

Viðbótarvörn fyrir þá sem fara alla leið

Viðbótarvörn fyrir undirvagninn í torfærum eða enn meira notagildi í farangursrými.



Listi undir framstuðara



Listi undir hliðum



Hlíf fyrir mismunadrifið



Stór farangursbakki (nær yfir farangursrýmið með niðurfelldum sætum)

Aukið notagildi og glæsilegra útlit

Aukið notagildi og glæsilegra útlit þessir laglegu aukahlutir (sem sýndir eru á bílnum) auka notagildið, ánægjuuna af notkun hans úti í viðerninu og við tómstundaiðkunina.

- Farangursbox
- Fjölnota toppgrind
- Regn- og vindhlífasett
- Aurhlífar að framan, svartar
- Aurhlífar að aftan, svartar



Dagur 9

Í skýjaslæðum á toppi fjallsins birtist mér skyndilega beljandi fljót. Þetta var einstaklega áhrifaríkt augnablik og hápunkturinn í löngu og krefjandi torfæruævintýri á Jimny.

*Jimmy
og enginn annar*





■ Litir á yfirbyggingum



Tvillitur Gulur + svartur perlulitur (DG5)



Tvillitur Málmilitur + Svartur perlulitur 3 (2BW)



Tvillitur Blár málmilitur + Svartur perlulitur 3 (CZW)



Einlitur Grænn (ZZC)



Einlitur Svartur perlulitur 3 (ZJ3)



Einlitur Silfurmálmilitur (Z2S)



Einlitur Grár (ZVL)



Einlitur Hvítur (26U)

Helsti búnaður

Vél	Bensín	
	1.5L	
	Tengjanlegt fjórhjóladrif (ALLGRIP PRO)	
Gírskipting	Beinskiptur / sjálfskiptur	Beinskiptur / sjálfskiptur
Útfærsla	GL	GLX
UNDIRVAGN		
Hjólbarðar og felgur	195/80R15 + stálfelgur	S -
	195/80R15 + álfelgur	- S
Varahjólbarði og felga	195/80R15 + stálfelgur	S -
	195/80R15 + álfelgur	- S
Hlíf fyrir varahjólbarða (Disklaga)	Svört	S S
YFIRBYGGING		
Vélarhlíf	Svört	S S
Brettakantar	Ólítaðir	S S
Vatnsrenna		S S
Hurðarhúnar að utan	Samlitir	- S
Afturhleraopnun	Lykill	- -
	Samlæsing	S S
SKYGGNI		
Framljós	Halogen fjölspegla	S -
	LED ljós	- S
Stilling á framljósum	Handstýrð	S -
	Sjálfvirk	- S
Sjálfvirk ljós		S S
Þvottakerfi fyrir ljós		- S
Hágeislavari		S S
Dagljósabúnaður		S S
Þokuljós	Framan	S S
	Aftan	S S
Grænskyggðar rúður	Hliðarrúður að framan	S S
	Hliðarrúður að aftan og í afturhlara	S -
Dökkar rúður	Hliðarrúður að aftan og í afturhlara	- S
Vörn gegn útfjólubláum geislum	Framrúða	S S
Rúðuburrkur	Framan: 2ja hraða (hægt, hratt + letingi + þvottakerfi)	S S
	Afturhlari: 1 hraði + þvottakerfi	S S
Móðueyðir í afturglugga		S S
Hliðarspeglar	Svartir (lakkaðir)	- S
	Rafstýrðir	S S
	Upphitun	- S
Bakkspeglill fyrir birtu og myrkur	Handstýrð dimmun	S S
STYRI OG MÆLABORÐ		
3ja arma stýri	Úretan	S -
	Leðurklætt	- S
	Stýring á hjómtækjum	S S
	Hraðastillir	S S
	Hraðatakmarkari	S S
	Handfrjálís sími	S S
	Hallastilling	S S
Afstýri		S S
Snúningshraðamælir		S S
Áminning um ljós og lykil	Hljóðmerki	S S
Áminning um öryggisbelti ökumanns	Hljóðmerki og ljós	S S
Áminning um öryggisbelti farþega	Hljóðmerki og ljós	S S
Áminning um öryggisbelti í aftursætum	Hljóðmerki og ljós	S S
Áminning um opna hurð	Ljós	S S
Áminning um lága eldsneytissstöðu	Ljós	S S
AÐSTAÐA ÖKUMANNS		
Stafræn klukka		S S
Rafstýrðar rúður að framan	Bílstjóramegin (upp/niður sjálfvirk)	S S
	Farþegamegin	S S
Samlæsing (þ.m.t afturhlari)	Röfi (bílstjóramegin)	S S
Fjarstýrð samlæsing	Með staðfestingu frá neyðarljósi	S S
Loftfrískunarkerfi	Handstýrt	S -
	Sjálfvirk	- S
Miðstöð		S S
Frjókornasía		S S
Gírskiptivísir (bsk)		S S
Hjómtæki	Loftnet (á aftanverðu þakinu)	S S
	Hátalarar 2	S S
	MP3/WMA samhæfður geislaspilari + Bluetooth®*	V ¹ -
	MP3/WMA samhæfður geislaspilari + Bluetooth®**+ DAB	V ² -
	Snjallsimatenging með hjómtækjaskjá + Bluetooth®** + DAB	- S
Hraðastillir		S S
Hraðatakmarkari		S S

Vél	Bensín	
	1.5L	
	Tengjanlegt fjórhjóladrif (ALLGRIP PRO)	
Gírskipting	Beinskiptur / sjálfskiptur	Beinskiptur / sjálfskiptur
Útfærsla	GL	GLX
INNANRYMI		
Ljós	Ljós í stjórnrými (3 stillingar)	S S
	Ljós í afturrými (3 stillingar)	- S
Sólskyggni farþega		S S
	Með miðaklemmu	- S
	Með snyrtispegli	- S
Sólskyggni farþega		S S
	Með miðaklemmu	- S
	Með snyrtispegli	- S
Griphöldur	Farþegamegin	S S
	Tvær í afturrými	S S
Glasahaldarar	Miðjustokkur	S S
Gírhnúður	Úretan	S S
	Með krómi	S (bsk) S (bsk)
	Svartlakkaður	S (ssk) S (ssk)
Handbremsuhnúður	Svartur	- -
	Króm	S S
12V rafúttök	1 í miðjustokki	S S
	1 í farangursrými	- S
USB tengi	1 í miðjustokki	S S
Fjarstýrð opnun á eldsneytisloki		S S
Hurðarhúnar að innan	Króm	S S
SÆTI		
Framsæti	Innstigskerfi (bílstjóramegin)	S S
Hiti í sætum	Framsætum	S S
Aftursæti	50:50 niðurfelld	S S
	2 hnakkapúðar	S S
Sætaáklæði	Tauáklæði	S S
FARANGURSRYMI		
Farangursbakki (fyrir flatt gólf)		- S
ÖRYGGI OG VÖRN		
Tveir öryggispúðar að framan		S S
Aftengjanlegur öryggispúði farþega í framsæti		S S
Hliðaröryggispúðar	Framan	S S
Loftpúðagagardínur		S S
Öryggisbelti	Framan: 2 3ja punkta öryggisbelti með forstrekkjurum og átaksjöfnun	S S
	Aftan: 2 3ja punkta öryggisbelti með forstrekkjurum og átaksjöfnun	S S
ISOFIX festingar fyrir barnabílstól	2 í aftursætum	S S
Niðurfelling á pedólum	Hemlar og küpling	S S
Styrktarbitar í hliðarhurðum		S S
ABS		S S
ESP®**		S S
DSBS (tveggja skynjara hemlastöð)		S S
Neyðarstöðvunarkerki		S S
Brekkustýring		S S
Hraðastýring niður brekku		S S
TPMS (loftþrýstingsvari fyrir hjólbarða)		S S
Hemlunarstöð		S S
Gírskiptilæsing (ssk)		S (ssk) S (ssk)
Hemlunarljós		S S
Ræsivarnarbúnaður		S S

S : Staðalbúnaður V : Valbúnaður - : Ekki áánlegtt

V¹ - V²: Framsettur valbúnaður

* :Bluetooth er skráð vörumerki Bluetooth SIG, Inc.

** :ESP er skrásett vörumerki Daimler AG.





Dyrafjöldi		3	
Vél		Bensín	
		1.5L	
Drifrás		Tengjanlegt fjórhjóladrif (ALLGRIP PRO)	
Gírskipting		Beinskiptur	Sjálfskiptur
MÁL			
Heildarlengd	Frá framstuðara að afturstuðara	mm	3,480
	Frá framstuðara að varadekkshlíf	mm	3,645
Heildarbreidd		mm	1,645
Heildarhæð		mm	1,720
Hjólhaf		mm	2,250
Sporvidd	Framan	mm	1,395
	Aftan	mm	1,405
Lágmarks beygiuhringur		m	4.9
Lágmarks veghæð		mm	210
Aðgangshorn		gráður	37
Miðhorn		gráður	28
Frágangshorn		gráður	49
RÝMI			
Sæti		Fjöldi	4
Farangursrými	Hámarksrými	lítrar	830
	Aftursæti niðurfelld (skv. VDA)	lítrar	377 *1
	Aftursæti í upprétti stöðu (skv. VDA)	lítrar	85 *1
Eldsneytistankur		lítrar	40
VÉL			
Gerð		K15B	
Fjöldi strokka		4	
Fjöldi ventla		16	
Slagrými		cm³	1,462
Borvidd og slaglengd		mm	74.0 x 85.0
Þjöppunarhlutfall		10	
Hámarksafköst		kW/sn.mín	75/6.000
Hámarkstog		N-m/sn.mín	130/4.000
Eldsneytisinsprautun		Fjölinnsprautun	
GÍRSKIPTING			
Gerð		5 bsk	4 ssk
Gírlutföll	1.	4.425	2.875
	2.	2.304	1.568
	3.	1.674	1.000
	4.	1.190	0.697
	5.	1.000	-
	Bakkgír	5.151	2.300
Lokahlutfall		4.090	4.300
Drifhlutföll	Hátt drif	1.000	1.320
	Lágt drif	2.002	2.644
UNDIRVAGN			
Stýri		Kúlustýrikerfi	
Hemlar	Framan	Heilir diskar	
	Aftan	Skálar	
Fjóðrun	Framan	3ja liða stífur á heilli hásingu með gormafjóðrun	
	Aftan	3ja liða stífur á heilli hásingu með gormafjóðrun	
Hjólbarðar		195/80R15	
VOG			
Eigin þyngd (með öllum búnaði)	kg	1,090/1,135	1,110/1,135
Heildarþyngd	kg	1,435	
AFKÖST			
Hámarkshraði	km/h	145	140
VISTSPÖR			
Mengunarstaðall		Euro 6	
Eldsneytisnotkun (NEDC) *2	Borgarakstur	lítrar/100km	(Lægri) 7.7 (Hærri) 7.7
	Þjóðvegaakstur	lítrar/100km	(Lægri) 6.2 (Hærri) 6.2
	Blandaður akstur	lítrar/100km	(Lægri) 6.8 (Hærri) 6.8
CO ₂ losun (NEDC) *2		gr/km	(Lægri) 154 (Hærri) 154
CO ₂ losun (WLTC) *3		gr/km	(Lægri) 178 (Hærri) 181

Allar tölur eru úr gögnum framleiðenda og geta verið breytilegar milli einstakra markaða.

*1 Mæling án farangursbox.

*2 NEW European Driving Cycle

*3 Worldwide harmonized Light-duty vehicles Test Cycle





www.suzuki.is

Kjörorð Suzuki, „Way of Life“, er kjarninn í vörumerki okkar – öll Suzuki ökutæki, vélhjól og utanborðsmótorar eru framleiddir með það fyrir augum að vekja spennu og auðvelda viðskiptavinum okkar að njóta lífsins.



Staðalbúnaður og valbúnaður sem í boði er getur verið breytilegur milli markaða. Vinsamlega leitið upplýsinga hjá umboðsaðila því tæknilysingar og myndlýsingar geta átt við gerðir sem eru ekki í boði á þínu markaðssvæði. SUZUKI MOTOR CORPORATION áskilur sér rétt til breytinga án fyrirvara á verði, litum, efnisvali, búnaði, tæknibúnaði, gerðum og að hætta framleiðslu gerða. Viðeigandi leyfi eru fyrir öllum ljósmyndum sem birtast í bæklingnum.

Myndir af ökutækjum án skráningarnúmera á almenningsvegum eru samsettar. Nánari upplýsingar á www.suzuki.is

SUZUKI BÍLAR HF

Skeifunni 17, 108 Reykjavík | Sími 568 5100 | suzuki.is

JIMNY BROCHURE (E)
99999-B1D01-801